

Aðalfundur foreldrafélags Auðarskóla 21. September 2016

Mættir voru: Jónína Kristín, Björt, Carolin, Guðrún Björg, Ásdís Melsted, Katarzyna, Jón Egill Jónsson, Stefanía Björg, Svanhvít Lilja, Jónas Már og Heiða Bæringsdóttir

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Björt tilnefndi Ásdísi sem ritara og Jónínu sem fundarstjóra, sem var samþykkt af öllum viðstöddum.

2. Fráfarandi stjórn geriri grein fyrir starfi síðasta starfsárs.

Farið var yfir starf félagsins síðasta ár. Jónína sagði frá hvaða viðburðum foreldrafélagið stóð fyrir:

Leiksýning fyrir leikskóla og yngsta stig.

Piparkökuskreyting.

Öskudagskemmtanir.

Rúta á Skólahreysti fyrir elsta stig.

Loftboltar fyrir miðstig.

Grill á vorhátíðum grunnskóla og leikskóla

Rútuferð með leikskóla til Reykjavíkur.

Einnig stóð foreldrafélagið fyrir umræðufundum fyrir foreldra grunnskólabarna, og svo annan fyrir foreldra leikskólabarna. Á fundunum var skipt í tvo hópa og nokkrum spurningum svarað. Úr því voru svo gerðar skýrslur sem skilað var til skólastjóra og lýsti hann ánægju sinni með þessar skýrslur.

Eftir fundinn áttaði stjórn sig á því að gleymst hafði að leggja fram ársreikninginn. Ársreikningurinn var samt sem áður gerður og er til fyrir þá sem vilja fá að sjá hann. Fjárhagsleg staða félagsins var hins vegar rædd á öðrum nótum.

3. Fulltrúar í skólaráði gera grein fyrir starfi síðasta starfsárs.

Jónas Már Fjelsted fulltrúi foreldra í skólaráði gerði grein fyrir hlutverki skólaráðs. Fundir skólaráðs síðasta vetur voru 2 og fór hann yfir hvað var rætt á þeim sem var m.a. skóladagatöl, fjárhagsáætlun, ástand skólahúss og lóðar/leiksvæðis.

4. Lagabreytingar

Lagt var til að tekið yrði upp árgjald í foreldrafélagið. Stjórnin lagði til 500 kr á heimili á ári en þeir sem mættir voru, voru sammála um að 1.000 krónur væri passlegt og var það samþykkt af öllum viðstöddum.

Einnig var lagt til að kjörið yrði í stjórn til tveggja ára í senn til að koma í veg fyrir að stjórn yrði samansett eingöngu af fólki sem ekki hefði verið áður í stjórn. Hugmyndin var að a.m.k. 2 úr fyrri stjórn yrðu áfram. Þetta var rætt og voru viðstaddir sammála um að þetta mundi efla störf foreldrafélagsins, það yrði öflugri stjórn sem hefði einhverja reynslu af slíkum stjórnarstörfum áður. Varamenn yrðu þó áfram kjörnir til eins árs í senn. Þetta var einnig samþykkt af öllum viðstöddum.

5. Kosningar. Stjórnarkjör og kosning fulltrúa í fræðslunefnd og skólaráð ef þörf er á.

Skólaráð:

Jónas Már Fjelsted var búinn að sitja í 2 ár en gaf kost á sér áfram sem allir samþykktu. *Ásdís Kr. Melsted* og *Carolin A Baare Schmidt* voru kjörnar til tveggja ára á síðasta aðalfundi og sitja nú seinna árið.

Fræðslunefnd:

Pórey Björk Þórisdóttir var kjörin til tveggja ára á síðasta aðalfundi og situr því áfram. *Sigríður Fjóra Mikaelsdóttir* gaf áfram kost á sér sem varamaður og var það samþykkt.

Stjórn foreldrafélagsins:

Björt Þorleifsdóttir, formaður, gaf kost á sér áfram.

María Hrönn Kristjánsdóttir, gjaldkeri, gaf kost á sér áfram.

Jónína Kristín Guðmundsdóttir, ritari, gaf kost á sér áfram.

Emilía Lilja Gilbertsdóttir, meðstjórnandi, gaf kost á sér sem varamaður.

Baldur Þórir Gíslason, meðstjórnandi, gaf ekki kost á sér áfram.

Ásdís Kr. Melsted, varamaður, gaf kost á sér áfram.

Harpa Sif Ingadóttir, varamaður, gaf ekki kost á sér áfram.

Þeir sem gáfu kost á sér áfram voru allir kjörnir áfram, þá vantaði 2 meðstjórnendur og gáfu þau *Jón Egill Jónsson* og *Guðrún Esther Jónsdóttir* kost á sér sem var einróma samþykkt.

Ný stjórn er því:

Björt Þorleifsdóttir – formaður

María Hrönn Kristjánsdóttir – gjaldkeri

Jónína Kristín Guðmundsdóttir – ritari

Guðrún Esther Jónsdóttir – meðstjórnandi

Jón Egill Jónsson – meðstjórnandi

Varamenn:

Ásdís Kr. Melsted

Emilía Lilja Gilbertsdóttir

Tengiliðir:

Á námskynningu elsta stigs voru kjörnir tengiliðir þær *Bjarnheiður Jóhannsdóttir* og *Málfríður Mjöll Finnsdóttir*.

Á námskynningu miðstigs voru kjörnir tengiliðir þær *Carolin A Baare Schmidt* og *Unnur Ásta Hilmarsdóttir*.

Á námskynningu yngsta stigs voru kjörnar tengiliðir þær *Anna Sigríður Grétarsdóttir* og *Boga Kristín Thorlacius*.

Tengiliðir fyrir leikskóladeild voru kjörnar á aðalfundi foreldrafélagsins þær *Svanhvít Lilja Viðarsdóttir* og *Stefanía Björg Jónsdóttir*.

6. Önnur mál.

Rætt var um hugmyndir að leikhúsferðum fyrir nemendur og foreldra. Einnig var rætt um að skipta piparkökuskreytingunum út fyrir jólaföndur.

Fundi slitið

Ásdís Kr. Melsted fundarritari